



Alþingi
Erindi nr. P 139/2895
komudagur 7. 6. 2011

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2011

Efni: Umsögn að frumvarpi til laga um menningarminjar (Þskj. 1153 - 651. mál)

Hér með sendir Þjóðskjalasafn Íslands umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar. Í upphafi vill undirritaður benda á að umsögn þessi er ekki send innan þess tímaramma sem frumvarpinu er sett í störfum þingsins vegna þess að Þjóðskjalasafni var ekki sent frumvarpið til umsagnar. Það hefði þó verið eðlilegt þar sem í frumvarpinu er m.a. fjallað um skjöl og skjalasöfn.

Um skjöl er fjallað í 2. gr. frumvarpsins þar sem „myndir, skjöl og handrit“ teljast til þjóðarverðmæta. Lög um menningarminjar taka þó ekki til skjallegs efnis eða prentefnis, né kemur það fram í athugasemdum við frumvarpið að svo sé, enda er sérstaklega fjallað um það efni í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands og í lögum um Landsbókasafn-Háskólabókasafn. Í skýringum við 2. grein er þó nefnt að þjóðminjar geti verið varðveittar á viðurkenndum söfnum sbr. ákvæði í safnalögum, og síðar í greininni er vísað til höfuðsafna og lykilstofnana á sviði menningar- og náttúruminja. Hér mætti bæta við skýringu um hlutverk Þjóðskjalasafns og Landsbókasafns-Háskólabókasafns um þann hluta þjóðararfsins sem undir þær stofnanir heyra ásamt tilvísunum til viðkomandi laga. Sambærilegt dæmi kemur t.d. fram í 23. grein þessa frumvarps, þar sem er t.d. fjallað um samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um „blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja“.

Það skiptir miklu máli hvernig þessu er fyrirkomið í lögnum þar sem í greinum 44-46 er fjallað um flutning menningarminja úr landi, þar á meðal skjala. Í 44. grein er vísað til 2. mgr. 2. gr. og þar með ljóst að skjalleg gögn og útflutningur þeirra heyri undir þessi lög.

Í 45. gr. segir að óheimilt sé að flytja úr landi nema með heimild „skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, svo sem dagbækur, handrit, skýrslur, fundargerðabækur og skissubækur, eldri en 50 ára“, „íslensk handrit, eldri en frá árinu 1800, stök eða sem safn, án tillits til verðgildis“ og „önnur handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfundna þeirra“ en allt framangreint telst til skjala.

Það skal áréttað að skjöl og skjalasöfn eru afar mikilvæg menningarverðmæti og eru mikilvægar heimildir um fyrri tíma. Íslensk skjöl eru helstu frumheimildir fræðimanna sem rannsaka sögu þjóðarinnar. Þjóðskjalasafn Íslands, héraðsskjalasöfn og aðrar skjalavörslustofnanir á Íslandi gegna

Því mikilvæga hlutverki að varðveita þessi menningarverðmæti og þjónusta almenning og fræðimenn við notkun þeirra. Þá má nefna að stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns er eini aðili sem hefur leyfi til að heimila eyðingu opinberra skjala enda er Þjóðskjalasafn höfuðskjalasafn þjóðarinnar.


Í 46. grein segir „skal Minjastofnun Ísland m.a. hafa samráð við fostöðumenn þeirra safna og stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni“. Í athugasemdum við 46. grein er einnig tekið fram að um flutning á náttúrugripum gildi lög um Náttúrufræðistofnun. Hér er ástæða til að taka einnig fram að lög um Þjóðskjalasafn og lög um Landsbókasafn hafi afmarkað hlutverk í þessu efni.

Ný stofnun, Minjastofnun Íslands, á skv. 7. gr. frumvarpsins að gera tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun og varðveislu menningarminja í samráði við höfuðsöfn eins og þær eru skilgreindar í safnalögum nr. 106/2001. Safnalög ná hins vegar ekki yfir skjalasöfn né bókasöfn enda eru þessi söfn í eðli sínu ólík þeim söfnum sem safnalögin ná yfir, sbr. greinargerð með frumvarpinu sem varð að safnalögum. Þó eiga höfuðsöfnin sem skilgreind eru í safnalögum (Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands) að veita ráðgjöf í varðveislu skjala. Eðlilegt verður að teljast að ákvæði væri í frumvarpinu þess efnis að þegar um varðveislu skjala er að ræða yrði haft samráð við Þjóðskjalasafn Ísland enda væri það beinlínis í andstöðu við lög um Þjóðskjalasafn að önnur söfn tækju ákvarðanir um skjöl, eldri en 30 ára, sem væru runnin frá embættum eða stofnunum hins opinbera eða annarra sem eru afhendingarskyldir á gögnum sínum til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Að sama skapi ætti að vera ákvæði að haft yrði samráð við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn þegar kemur að varðveislu bóka og útgefins efnis sem fellur undir frumvarp þetta.

Þá væri að sama skapi rétt að sambærilegt ákvæði væri um að minjaráð, sem skulu starfa á skilgreindum minjasvæðum um landið, skuli jafnframt hafa samráð við Þjóðskjalasafn þegar kemur að varðveislu skjala sem falla undir frumvarp þetta og Landsbókasafn Íslands þegar kemur að bókum, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Önnur leið að svipaðri niðurstöðu og ofangreindar athugasemdir fela í sér væri, í stað þess að fjalla um skjöl og skjallæg gögn í þessu frumvarpi, að hafa ákvæði sem væru efnislega í anda þessa frumvarps í lögum um Þjóðskjalasafn sem verið er að endurskoða en frumvarp að nýjum lögum um Þjóðskjalasafn liggur fyrir í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hið sama gæti þá gilt um lög um Landsbókasafn-Háskólabókasafn.

Virðingarfyllst,



Eiríkur G. Guðmundsson
settur þjóðskjalavörður